



464. Stjórnarfundur haldinn 11. febrúar 2016 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI),
Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB) .

1. Fundagerð síðast fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Einari Haraldssyni v/framboðs til formanns Keflavíkur. Einnig bárust tölvupóstar v/framboðs til formanns deilda.

3. Send bréf.

Yfirlýsing um sjálfstæði knattspyrnudeildar.

Staðfesting á skyndihjálparkennslu til Ingvars Georgssonar.

4. Aðalfundur deilda Keflavíkur 2016.

Aðalfundur deilda eru afstaðnir. Nýr formaður var kjörinn í körfuknattleiksdeild Ingvi Hákonarson og taekwondodeild Jón Oddur Guðmundsson. Staða deilda er góð. Umræður um aðalfundi deilda.

Ákveðið að funda með fulltrúum deilda eftir aðalfund félagsins og fara yfir hin ýmsu mál.

5. Aðalfundur Keflavíkur 2016.

EH fór yfir minnisblaðið sem lá fyrir fundinum ásamt skýrslu. PMK útskýrði reikninginn. Afkoman er góð af rekstrinum. Allt orðið klárt fyrir aðalfundinn. Stjórnarmenn árituðu reikninginn.

6. Námskeið.

EH lagði til að námskeið yrðu haldin í skyndihjálp 9. og 29. mars fyrir þjálfara, stjórnarmenn, einnig verður boðið uppá námskeið í Nora skráningar- og greiðslukerfinu í mars.

Samþykkt og framkvæmdastjóra falið málið.

7. Önnur mál.

EH sagði frá því að á síðasta fundi hafi honum verið falið að kanna orðróminn um að það ætti að fara að taka sal af fimleikadeildinni. EH hafði sambandi við Helga Arnars og það kom í ljós að það væri einhver vinna í gangi um að finna Gólfklúbbi Suðurnesja inniaðstöðu. EH óskaði eftir því að félagið væri haft með í ráðum. EH sagði einnig frá því að Kjartan Már Kjartansson hefði átt fund með sér föstudaginn 29. janúar til að fara yfir mál Íþróttakademiunnar og aðstöðu fimleikadeildar og inniaðstöðu fyrir Gólfklúbb Suðurnesja. Kjartan var með upplýsingar um notkun á sal sem er fyrirhugað að láta Gólfklúbbinn hafa. EH efaðist um þetta væru réttar upplýsingar og lagði til að fengnar yrðu upplýsingar um notkun salarins frá fimleikadeildinni. Fundur með bæjarstóra hefur verið boðaður í Íþróttakademíunni föstudaginn 12. mars.

EH lagði til að keyptur yrði pylsupottur í eldhúsið sem deildir gætu notað í fjáröflunarskyni. **Samþykkt og framkvæmdastjórar falið málið.**

PMK kom inná að deildir yrðu að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem hlýst að því að vera með fólk á launaskrá og þeim ábyrgðum sem því fylgja. **Ákveðið að boða til formanna- og gjaldkerafund fljótlega eftir aðalfund félagsins til að fara yfir þessi mál.**

Umræða um samninga sem deildir eru að gera við sitt fólk. Hugsanlega setja á námskeið í samningagerð. EH þakkaði stjórnarmönnum samstarfið þar sem þetta er síðasti stjórnarfundur þessarar stjórnar. Í sama streng tóku stjórnarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:45

Næsti stjórnarfundur boðaður

Fundinn ritaði BS.

